

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

12. júlí 2017
UST201706-047/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - íþróttasvæði Vopnafjarðarhrepps

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir íþróttasvæði Vopnafjarðar.

Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagi Vopnafjarðar sé talað um að byggja upp framtíðarsþróttarsvæði á umræddu skipulagssvæði og hlutverk nýs deiliskiplags sé að skilgreina þá notkun og tegund uppbyggingar enn frekar. Skipulagssvæðið afmarkast af íbúabyggð að sunnan, athafnasvæði að vestan, opnu svæði merkt skógrækt að sunnan til og opnu svæði sem einkennist af klettabelti austan til. Skipulagssvæðið er um 7 ha að stærð. Í dag er á svæðinu nýlegur keppnisvöllur sem afmarkast af háum girðingum norðan og sunnan megin. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé ekki skilgreint sem náttúruverndarsvæði en í um 800 m fjarlægð er Skógalón, sem er á náttúruminjaskrá nr. 603. Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir uppbyggingu vallarhúss við nýjan keppnisvöll Vopnfirðinga og er húsinu ætlað að þjónusta fjölbreytt íþróttastarf sem fram fer á svæðinu.

Niðurstaða


Í greinargerð kemur fram að verðmæti felist í að byggja upp vandað íþróttar- og útvistarsvæði með áherslu á verndun þess landslags og þeirrar náttúrufegurðar sem einkennir svæðið. Umhverfisstofnun tekur undir þessar áherslur og mikilvægi þess að mannvirki falli vel að landslagi eins og þessu. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfi í tillögu að nýju deiliskipulagi að koma fram hvernig ætlunin er að fella íþróttasvæðið að landslaginu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Stofnunin biðst velvirðingar á því hversu dregist hefur að sinna þessu erindi.


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfallst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur